



## Skólaráðsfundur 28.04. 2021, kl. 15:30

**Mættir:** Snædís Valsdóttir skólastjóri, Edda S Oddsdóttir, Rannveig Möller, Hulda Skúladóttir, Esja Sveinbjörnsdóttir, Jökull Jóhannsson, Grímur G Einarsson, Sædís Sif Harðardóttir, Ólafur Þór Jónsson

**Fjarverandi:** Þráinn Óskarsson og Iðunn Gunnsteinsdóttir

### Dagskrá

- **Skóladagatal** 2021 – 2022, Snædís kynnti og ræddi helstu þætti, kennarafundur hefur samþykkt dagatalið.
  - Ábendingar: Edda benti á að það væri gott að setja Vorhátíðina inn. Sædís lagði til að gildir dagar verði aðgreindir í skerta og heila daga, hún ræðir útfærslu við Snædís.
  - Skóladagatal samþykkt einróma
- **Örlítið um næsta skólaár**, við erum vel mönnuð, vantar réttinda smíðakennara síðasta auglýsingin í gangi. Færri nem. skráðir í 1. b. en von var á, spurning um Vogabyggð. Leiklist, skák og dans verða kennd áfram.
- **Skólaakstur** úr Vogabyggð hefst í haust. Fjöldi barna í hverfinu áætlaður.
- **Íslenskuver**, auglýsingar í gangi, skólastjórar í hvorum skóla sjá um mannahald í stað Miðju máls og læsis, margar umsóknir. Starfið byrja 1. ágúst.

### Önnur mál

- Bíðum enn með hvort má halda **árshátíð unglingsstígs**. Óli; næsta reglugerð í næstu viku, nemendaráð með B-plan. Lagabreytingar í farvatninu hjá nemendaráði, það verði valáfangi næsta vetur, stjórn og alls konar nefndir.
- **Aðalfundur foreldrafélags**, Edda ekkert heyrt, Snædís hnippir í Ellen.
- **Útskrift 10. b.** 9. júní, spurning um hefðbundna útskrift eða hvort Gunnar Ingi kokkur verður aftur með fingramat.
- **Vorskóla** frestað, 26. maí mögulegur dagur.
- Edda benti á að **heimasiðan** sé vannýtt, upplýsingapóstur og aukadagar mættu vera þar líka ekki bara í tölvupósti. Spurning hvort atburðir í vikunni fram undan eigi að vera á borða á forsíðu.
- Sædís spurði um þrýstibréfið sem Snædís sendi vegna **skólalóðar** Sædís sendir okkur svarið, Hverfaráð, Skóla og frístund kasta boltanum á milli. Sumarstarf að hefjast og lóðin í slæmu ástandi, Sædís hyggst fylgja bréfi Snædísar eftir.

Hulda Skúladóttir